

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Árna Þórs Sigurðssonar um ráðningar starfsmanna.

1. *Hversu margir starfsmenn hafa verið ráðnir til starfa, annarra en afleysinga, í ráðuneytinu án þess að starfið væri auglýst árin 2007–2011, sundurliðað eftir árum?*

Árið 2007 var enginn starfsmaður ráðinn til starfa í ráðuneytinu án auglýsingar. Þrír starfsmenn voru ráðnir án auglýsingar árið 2008, tveir árið 2009, enginn árið 2010 og tveir hafa verið ráðnir tímabundið á þessu ári án þess að störfin væru auglýst.

2. *Hversu margir þessara starfsmanna eru nú starfandi í ráðuneytinu?*

Aðeins þeir starfsmenn sem ráðnir voru á þessu ári eru ennþá starfandi í ráðuneytinu, auk eins starfsmanns sem ráðinn var árið 2008.